

Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Hinir stefndu fyrirsvarsmenn dánarbús Ásgeirs Sigurðssonar, þeir Sigurður B. Sigurðsson og Haraldur Á. Sigurðsson, greiði fyrir dánarbúsins hönd áfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1937.

Nr. 111/1936. **Kristján Bergsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h.

bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Kröfur á hendur bæjarsjóði Rvíkur um endurgreiðslu fasteignagjalda fyrir árið 1935 af húsi, sem brunnið hafði hinn 17. apríl s. á., teknar til greina að nokkru leyti.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 14. marz 1936: Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Lárusar Jóhannessonar f. h. Kristjáns Bergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, dags. 1. ágúst f. á., og gert þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kr. 341.68 með 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags og málskostnað í héraði og

hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnður hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með fasteignagjaldsseðli, dags. 15. des. 1934, tilkynnti bæjargjaldkerinn í Reykjavík áfrýjanda, að honum bæri að greiða til bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1935 vegna fasteignar sinnar nr. 46 við Grettisgötu lóðargjald kr. 15.00, húsagjald kr. 319.20 og vatnsskatt kr. 193.31, eða alls kr. 527.51, og að gjöld þessi féllu í gjalddaga hinn 2. jan. 1935. Jafnframt var það tekið fram, að gjöldin yrðu tekin lögtaki á kostnað gjaldanda, ef hann innti þau ekki af hendi á réttum gjalddaga. Áfrýjandi greiddi síðan gjöld þessi í bæjarsjóð hinn 1. febr. 1935. Hinn 17. apríl s. á. brann húsið nr. 46 við Grettisgötu. Telur áfrýjandi nú, að vegna þess að hús þetta eyðilagðist, eigi hann tilkall til hlutfallslegrar endurgreiðslu á húsagjaldinu og vatnsskattinum, en viðurkennir hinsvegar, að endurheimturéttur sinn taki ekki til lóðargjaldsins. Endurgreiðslukröfu sína miðar áfrýjandi við 1. maí 1935 og krefst þannig $\frac{8}{12}$ hluta þess húsagjalds og vatnsskatts, sem hann greiddi 1. febr. s. á., eða kr. 341.68, svo sem áður segir. Húsagjald það, sem í máli þessu ræðir, er lagt á samkv. lögum nr. 36 frá 1924 um bæjargjöld í Reykjavík. Í 1. gr. laga þessara er svo kveðið á, að til þess að afla bæjarsjóði Reykjavíkur tekna til að standa straum af útgjöldum sínum, að svo miklu leyti sem sérstakar tekjur kaupstaðarins hrökkva ekki til, skuli ákveðið gjald lagt á allar fasteignir í lög-sagnarumdæminu. Samkvæmt 2. gr. laganna er gjald þetta miðað við virðingarverð fasteigna eftir

fasteignamatslögum. Er það reiknað sér í lagi af húsum og sér í lagi af lóðum. Gjaldldagi þess er 2. jan. ár hvert, sbr. 4. gr. laganna. Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að húsagjaldið sé endurgjald fyrir sót-sorp-salernishreinsun o. fl., sem bærinn eigi samkvæmt 2. gr. laganna að annast húseigendum að kostnaðarlausu, og að gjald þetta sé greitt fyrirfram ár hvert. Á þetta verður ekki fallizt. Húsagjaldið er skattgjald, sem lagt er á hverja húseign eftir ákveðnum skattstiga án tillits til þess, hvaða kostnað bærinn hefir af framangreindum ráðstöfunum varðandi viðkomandi hús. Þá er og gjald þetta miðað við verðmæti húseignanna 2. jan. ár hvert. Þar sem nú ekkert er komið fram í máli þessu, sem bendir til þess, að húsagjaldið fyrir 1935 hafi ekki verið réttilega reiknað af húsinu nr. 46 við Grettisgötu, þá finnst hvorki í lögum nr. 36 frá 1924 né öðrum réttarreglum heimild fyrir því að veita áfrýjanda undanþágu frá greiðslu þess, þó að áminnzt húseign eyðilegðist síðar á árinu. Kemur þá til álita, hvort áfrýjandi eigi kröfu til endurgreiðslu einhvers hluta þess vatnsskatts, sem áður greinir. Í 3. gr. laga nr. 84 frá 1907 um vatnsveitu fyrir Reykjavík segir, að til þess að standa straum af vatnsveitu téðs bæjar, sé bæjarstjórninni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignunum í lögsagnarumdæminu. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá með flokkun eftir hæð fasteignarmatsvirðingar húsanna, sbr. 6. gr. laga nr. 36 frá 1924, og tölu íbúða í húsunum, en má aldrei nema meira en 6% af virðingarverði húsanna. Mæla lögin svo fyrir, að bæjarstjórn skuli semja gjaldskrána, en ráðuneytið staðfesta hana. Þegar áfrýjandi var krafinn um vatns-

skatt þann, er í máli þessu greinir, gildi um innheimtu hans reglugerð nr. 65 frá 1915, sem sett var samkvæmt greindum lögum. Var svo kveðið á í 6. gr. reglugerðar þessarar, að af vatnsskatti hvers árs félli helmingurinn í gjalddaga 1. apríl og helmingurinn 1. október. Samkvæmt þessu var það heimildarlaust að krefja áfrýjanda um vatnsskattinn fyrir 1935 2. jan. téð ár, en með því að helmingur skatts þessa, eða kr. 96.65, var fallinn í gjalddaga hinn 17. apríl, þegar húsið nr. 46 við Grettisgötu brann, þá brestur áfrýjanda alla heimild til að krefjast endurgreiðslu á þessum hluta skattsins. Öðru máli gegnir um þann hluta hins greidda vatnsskatts, sem fallið hefði í gjalddaga hinn 1. okt. 1935, hefði téð hús þá staðið. Þessi hluti vatnsskattsins varð aldrei gjaldkræfur. Umboðsmaður áfrýjanda hefir nú að visu ekki krafizt endurgreiðslu á þessum grundvelli, en með því að framkoma hans verður ekki túlkuð þannig, að hann hafi viljað svipta umbjóðanda sinn neinum þeim rétti, sem hann hefir að lögum í máli þessu, þá þykir bera að leggja dóm á málið að þessu leyti, sbr. 113. gr. laga nr. 85 frá 1936. Áfrýjandi hefir nú samkvæmt framansögðu verið að viðlagðri lögtakshótun krafinn um vatnsskatt til bæjarsjóðs Reykjavíkur, að fjárhæð kr. 96.65, sem heimild hefir brostið til að gera honum að greiða, bæði þegar greiðslan var innt af hendi og síðar. Enda þótt áfrýjandi hafi greitt fjárhæð þessa án þess að slá neinn varnagla um endurheimtu hennar, þá þykir hann þó ekki, eins og atvikum málsins er háttað, hafa svipt sig rétti til að krefjast endurgreiðslu. Ber þessvegna að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda

kr. 96.65 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Kristjáni Bergssyni, kr. 96.65 með 6% ársvöxtum frá 21. okt. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útg. 21. okt. 1935, af hrm. Lárusi Jóhannessyni, hér í bæ. f. h. Kristjáns Bergssonar gegn borgarstjóra f. h. bæjarsjóðs Reykjavíkur til greiðslu á kr. 341.68, með 6% ársvöxtum frá stefnuútgáfudegi 21. okt. 1935, til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. —

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar. —

Tildrög málsins eru þau, að 1. febrúar 1935 greiddi umþjóðandi stefnanda bæjarsjóði húsa gjald og vatnsskatt af húseigninni nr. 46 við Grettisgötu, samtals kr. 512.51 fyrirfram fyrir árið 1935. — Húseign þessi brann til grunna 17. apríl 1935, og telur stefnandi sig því eiga rétt á blutfallslegri endurgreiðslu þessara gjalda frá þeim tíma, en miðar þó endurgreiðslukröfuna við 1. maí 1935 og krefst því endurgreiðslu á $\frac{1}{12}$ af því, sem hann greiddi, en það er stefnukrafan kr. 341.68. —

Réttinn til að fá endurgreiðslu byggir stefnandi á því, að gjaldið sé greitt fyrirfram og miðað við allt árið, en þegar hús farist á árinu, þá leiði af almennum reglum um endurheimtu, að endurgreiða eigi hlutfallslegan hluta gjalda-anna. — Gjöld þessi kveður stefnandi og sett til að standa

straum af ýmsum framkvæmdum, er húseigendur hafi áður kostað sjálfir, og sé því ekki sanngjarnt, að þeir borgi honum fyrir þær framkvæmdir, þegar þær séu ekki framkvæmdar svo sem í þeim tilfellum, þegar hús brennur á gjaldárinu. —

Stefndur kveður gjöld þessi falla í gjalddaga 2. janúar ár hvert og þar sem gjaldið hafi allt verið fallið í gjalddaga áður en húsið brann, þá eigi bæjarsjóður rétt á að krefjast greiðslu þess og a. m. k. geti sá, er greitt hefir, alls ekki átt rétt á endurgreiðslu.

Í 1. gr. laga um bæjargjöld í Reykjavík, nr. 36 frá 4. júní 1924, er bæjarsjóði fengið sérstakt fasteignagjald til að standa straum af útgjöldum til bæjarþarfa. — Í sömu lögum er ákveðið, að niður skuli falla gjöld þau, er þá hvildu á fasteignum kaupstaðarins til að standast kostnað við sót- og sorphreinsun o. fl.

Ekki verður þó séð, að fasteignagjaldið komi beinlínis í stað gjalda þessara, heldur er gert ráð fyrir, að það sé sjálfstæður hluti tekna bæjarsjóðs, sem m. a. er auðvitað varið til að standa straum af ofangreindum gjöldum. Þá er gjald þetta heldur ekki miðað við þann kostnað, sem bærinn hefir af hverri einstakri fasteign, og verður ekki betur séð, en að það verði að greiða að fullu án tillits til þess, hversu mikið eða lítið starf bærinn lætur leysa af hendi í þágu viðkomandi eignar á gjaldárinu.

Rétturinn fær því ekki séð, að endurgreiðslukrafan geti réttlætzt af því, að bærinn hafi raunverulega losnað við að inna af hendi störf í þágu þessrar eignar, því að enginn vafi er á, að fullt gjald yrði að greiða, ef húsið hefði staðið allt árið, enda þótt það hefði ekki verið notað, eða eigandi sannaði, að það, sem gert hefði verið fyrir húsið af hálfu bæjarins, væri, metið til peninga, aðeins litill hluti gjaldsins.

Í 2. mgr. 5. gr. 1. nr. 36/1924 er sagt, að brenni hús eftir gjalddaga, þá séu fasteignagjöld tryggð með lögveði í brunabótafjárhæð í tvö ár frá gjalddaga. — Stefnandi telur, að hér sé aðeins átt við „*gjaldkræf fasteignagjöld*“, en gjaldkræfur sé aðeins hlutfallslegur hluti gjaldsins miðað við, hve mikill hluti gjaldársins sé liðinn, er brunann bar að höndum.

Á þetta verður þó ekki fallizt, því að einmitt á þess-

um stað í lögunum, þar sem gert er ráð fyrir, að hús brenni, var sérstök ástæða til að taka það fram, að aðeins hlutfallslegur hluti gjaldsins miðað við tímann, sem húsið stóð á gjaldárinu, skyldi tryggður með lögveði í bruna-bótafjárhæðinni, ef ætlazt hefði verið til, að máli ætti að skipta um gjaldhæðina, hversu mikinn hluta gjaldársins húsið stóð.

Einmitt þetta, að það sé ekki gert, sýnist réttinum benda ótvírætt í þá átt, að ætlast sé til, að allt það fasteignagjald, sem í gjalddaga er fallið, skuli tryggt með lögveðrétti í brunabótafjárhæðinni og því sé hægt að krefja það án tillits til þess, hvenær húsið brennur á gjaldárinu. — Og þar sem fasteignagjald stefnanda féll í gjalddaga 2. jan. 1935 og var greitt áður en húsið brann, telur rétturinn samkv. þessu, svo og því, að telja verður gjöld þessi eins og áður segir einn hluta lögboðinna tekna bæjarins, stefnanda ekki eiga rétt á að fá gjald þetta endurgreitt.

Ekki hefir stefnandi heldur getað sannað, að nokkur regla hafi getað myndast um endurgreiðsluskyldu bæjarins í svona tilfellum, er gæti leitt til þess, að kröfur hans yrðu teknar til greina.

Hvað vatnsskattinum viðvíkur, hefir verið upplýst, að sérstaklega mikið vatn hafi verið notað þetta gjaldár vegna þess, að byggt hafi verið á lóðinni á árinu. — Stefnandi kveður það sérstaka ósanngirni að láta umbj. sinn greiða vatnsskattinn vegna þess, að eigendaskipti hafi orðið að lóðinni, og beri hinum nýja eiganda að greiða hann. — Á þetta verður þó ekki fallið sökum þess, að skatturinn var fallinn í gjalddaga og greiddur á meðan umbj. stefnanda ennþá var eigandi eignarinnar, og bar honum að taka tillit til þess við sölua, eins og venja er til um slík gjöld. — Skv. þessu svo og því, að stefnandi hefir ekki bent á neitt, er réttlæti endurgreiðslu vatnsskattsins, þegar tekið er tillit til aukinnar vatnsnotkunar á eigninni, þykir heldur ekki fært að taka kröfu hans um endurgreiðslu vatnsskattsins til greina.

Úrslit málsins verða því samkv. framansögðu þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.